

Fundur í fagdeild Leiðsagnar, félags leiðsögumanna 13. desember 2021

Viðstaddir: Jens Ruminy, Jónas Sigurðsson, Kristín Waage, Steinunn Harðardóttir og Vilborg Anna Björnsdóttir.

Eftirfarandi mál voru rædd:

Lagabreytingarnefnd. Steinunn Harðardóttir skipaður fulltrúi fagdeildar í lagabreytingarnefnd Leiðsagnar, gaf stutt yfirlit yfir helstu áhersluatriði, sem komu fram á fyrsta fundi nefndarinnar. Spurt hafði verið um tillögur fagdeildar, sem Jens Ruminy hafði sent til fráfarandi formanns Leiðsagnar skömmu fyrir síðasta aðalfund.

Steinunn og Kristín höfðu hvorugar getað fundið afrit af pósti Jens, skömmu fyrir fyrir fund lagabreytingarnefndar en Jens sagðist hafa sent tillögurnar rétt fyrir fund fagdeildar til Kristínar. Kristín mun þá framsenda þann póst til annarra félaga fagdeildar.

Hlutverk fagdeildar Leiðsagnar. Það er ljóst að brýnt er að afmarka starfsvið fagdeildar og hlutverk. Fundarmönnum var falið að íhuga þessi efni fram að næsta fundi, sem haldinn verður heima hjá Steinunni 7. janúar 2022.

Kristín Waage